

Þingl. alþingis
28/4 1926

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann



Kunnngjörir: Að jeg hef kosið og skipað eins og jeg með brjefi þessu kýs og skipa Ólaf hreppstjóra Bjarnason til að vera umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs og Hallbjarnareyrar og ber honum í þessari stöðu sinni að fylgja nákvæmlega og samviskusamlega reglum þeim og fyrirskipunum, sem settar hafa verið og settar kunna að verða af yfirboðurum hans, viðvíkjandi forstöðu umboðsins og gjaldheimtu af umboðsjörðunum, sjerstaklega reglugjörð fyrir umboðsmenn þjóðjarða 26. ágúst 1895 (Stjórnartíðindi 1895, B. bls. 136 - 139).

Í laun bera honum samkvæmt lögum nr. 41, 26. okt. 1917 10 % af eftirgjöldum umboðsins, sem hann innheimtir og gjörir ríkissjóði skil fyrir og veð ber honum að setja til tryggingar fyrir innheimtunni eftir því sem ráðuneytið ákveður.

Skipunarbrjef þetta ber að þinglesa í þeim þinghám þar sem jarðir umboðsins liggja.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. desember 1925.

Undir nafn mitt og innsigli ráðuneytisins.



S k i p u n a r b r j e f
handa

Ólafi hreppstjóra Bjarnasyni til að vera umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs og Hallbjarnareyrar.

Fyrir fram innvilad